

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 63/2008

frá 6. júní 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2008 frá 25. apríl 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1323/2007 frá 12. nóvember 2007 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar fírókoxíð ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1353/2007 frá 20. nóvember 2007 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar mónensín, lasalósíð og týlvalósín ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32007 R 1323**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1323/2007 frá 12. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 11),
- **32007 R 1353**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1353/2007 frá 20. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 303, 21.11.2007, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1323/2007 og 1353/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 42, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 303, 21.11.2007, bls. 6.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.